

## Samkomulag um tilfærslu starfsmenntanáms í garðyrkju og skyldum greinum frá Landbúnaðarháskóla Íslands til Fjölbrautaskóla Suðurlands

Mennta- og barnamálaráðuneytið (MRN) og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (HVIN) gera með sér svofellt samkomulag um flutning starfsmenntanáms Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí) í garðyrkju og skyldum greinum sem kenndar eru að Reykjum í Ölfusi samkvæmt staðfestum námsbrautarlýsingum á grundvelli aðalnámskrár framhaldsskóla, undir yfirstjórn og ábyrgð Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi (FSu).

Markmið samkomulagsins er að efla starfsmenntanám í garðyrkju og skyldum greinum og gæta að því að flutningur námsins frá Lbhí til FSu verði farsæll og hagsmunir nemenda og starfsfólks hafðir í fyrirrúmi.

Starfsmenntanám í garðyrkju og skyldum greinum færast undir yfirstjórn FSu frá og með upphafi haustannar 2022 og verður kennt skv. námsskipulagi framhaldsskóla, með árlegri innritun nemenda og námslokum á þriðja hæfniprepi. Skráðir nemendur Lbhí sem ekki hafa lokið námi sínu að Reykjum munu fá námsferil sinn felldan að nýju námsfyrirkomulagi í FSu og þess gætt að horft verði til hæfni nemenda við mat á námsferli þeirra.

FSu mun bjóða öllu starfsfólki Lbhí sem hefur sinnt kennslu og tengdum störfum á Reykjum ráðningu frá 1. ágúst 2022.

Frá 1. ágúst 2022 verða fjárveitingar vegna starfsmenntanáms í garðyrkju og skyldum greinum á grundvelli reiknilíkans háskóla fluttar á milli ráðuneyta, þ.e. frá HVIN, málefnasviði 21.10 til MRN málefnasviðs 20.10. Um er að ræða fimm mánaða framlag, 65,5 m.kr. fyrir 71 ársnema skv. reiknilíkani háskóla (2,184 m.kr. per nemendaígildi), vegna ársins 2022. Við vinnslu fjárlagafrumvarps 2023 verður 180 m.kr. fjárveiting flutt varanlega frá Lbhí til MRN.

Frá og með 1. júlí 2022 fær MRN fullan afnotarétt yfir öllu húsnæði og landi Reykja. Lbhí fær aðgang að því rannsóknarsvæði sem skólinn og nemendur á vegum skólans nýta nú þegar. Framtíðarnýting á húsnæði og landsvæði verður til umfjöllunar í starfshópi sem hefur störf sumarið 2022. Fjármálaráðuneytið hefur að beiðni háskólaráðuneytis samþykkt að undirbúa flutning á umsýslu Reykjatorfunnar og mannvirkja til Framkvæmdasýslu – Ríkiseigna (FSRE) frá og með haustönn 2022 til að greiða fyrir afnot MRN og FSu á umræddu húsnæði og landi Reykja. Sjá meðfylgjandi bréf annars vegar frá HVIN til FJR og svar FJR til HVIN.

HVIN greiðir áfallinn kostnað vegna reikninga frá FSRE vegna endurbóta húsnæðis Lbhí á Reykjum í Ölfusi árið 2021, en 110 m.kr. framlag vegna verkefnisins var millifært á stofnkostnaðarlið háskólans (fjll. 02-269-6.21) í fjárukalögum 2021 og samhliða samkomulagi mun HVIN senda MRN millifærslubeiðni þess efnis.

MRN og HVIN skipa starfshóp um framtíðarfyrirkomulag á Reykjum og Reykjatorfunni, eflingu starfsnáms, rannsókna og nýsköpunarstarfs á Reykjum. Í þeirri vinnu verður jafnframt skoðað hvernig tryggja megi tengingu námsins við atvinnulífið og ákveðið sjálfstæði gagnvart FSu. Óskað verður eftir fulltrúum frá Landbúnaðarháskóla Íslands, Fjölbrautaskóla Suðurlands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Bændasamtökum Íslands auk fulltrúa frá báðum ráðuneytum. MRN mun kalla eftir tilnefningum, veita nefndinni formennsku og er gert ráð fyrir að tillögur starfshópsins liggja fyrir í desember 2022.

Samkomulag þetta tekur gildi frá og með undirritun.

29. apríl 2022

---

mennta- og barnamálaráðherra

---

háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra